

Helstu niðurstöður úr Foreldrakönnun Skólapúlsins feb-mars 2021.

Fjöldi þátttakenda: 105

Fjöldi svarenda: 93

Svarhlutfall: 88,6%

Daglegt leikskólastarf:

Ánægja með leikskólann- 88,6% (N=78). Mest ánægja foreldra á yngri deildum 1-3 ára aldurinn (100%), hinir aldurshópar um 85-86% ánægð. Spurt um líðan barnsins, samskipti við barnið, samskipti starfsfólks við foreldri og dagleg viðfangsefni barnsins. Flestir mjög eða frekar ánægðir- óánægðir um 1-3%.

Ánægja með stjórnun- 98,9%. Spurt var hvort að viðkomandi telji að leikskólanum sé vel eða illa stjórnað. Flest allir segja mjög eða frekar vel, einn segir frekar illa.

Ánægja barnsins í leikskólanum- 90,5%. 4-5 ára börn ánægðust (95,2%). Spurt um hvort barninu líki almennt vel í samverustundum, frjálsum leik, hópastarfi og útivist. Langflestir mjög eða frekar sammála öllum þáttum, 1-3% mjög eða frekar ósammála.

Hæfilegur fjöldi barna á deild- 79%, flestir telja hæfilegasta fjöldann á yngri deildum 1-3 ára. Spurt er: „á deild barnsins míns eru...“- of mörg segja 21% (N=17), hæfilega mörg börn segja 79% (N=64), of fá börn 0%.

Sérþarfir í mataræði. Spurt er hvort barnið sé með sérþarfir í mataræði. Já segja 23,1% og nei 76,9%.

Hollt mataræði- 85,2%. Spurt var hvort barnið fái hollan og góðan mat í leikskólanum. Flestir eru frekar sammála (61,4%), mjög sammála eru 23,9%, frekar ósammála eru 14,8% (N=13) og 0% mjög ósammála.

Ánægja með húsnæði og aðstöðu- 96,7%. Spurt hversu ánægt fólk er með húsnæði og aðstöðu. Flestir mjög eða frekar ánægðir, 3,3% frekar óánægðir og 0% mjög óánægðir.

Í opnum spurningum voru foreldrar spurðir hvað væri gott eða mætti betur fara varðandi daglegt starf í leikskólanum. 36 svör bárust. Margir mjög ánægðir, nefna Lubba, karlar og konur vinna í leikskólanum, hópastarfið sniðið að áhugasviðum, rætt um virðingu og félagslegir þættir eflidir og góð tengsl við starfsfólk. Mætti bæta upplýsingaflæði t.d. hvað varðar hvernig börnin borða, að allir fái góðar myndir úr starfinu, minna af unnum mat á boðstólum, bæta yfirsýn í garði, banna klifur í trjám og ekki vera með kastala sem hæfir ekki aldri. Eitthvað um að börn séu búin að kúka þegar foreldrar sækja. Ósk um að starfsmannafundur séu í lok dags, ekki byrjun og hafa starfsdaga frekar á föstudegi eða mánudegi.

Námsumhverfi:

Vinnubrögð- 88,9%. Spurt um hvort barnið fái þann stuðning/hvatningu sem þarf við námið, stuðning ef upp koma vandamál t.d. vegna hegðunar eða sérþarfa, hvort barnið sé hvatt til sjálfstæðis, hvort á deildinni sé notaðar fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að safna og skrá þroska- og námsferil barnanna, hvort foreldrar telji flest starfsfólk hæft og metnaðarfullt og hvort að barninu sé mætt á sanngjarnan hátt. Flestir eru mjög eða frekar sammála þessum atriðum. 1-6% frekar ósammála. 4,7% (N=4) eru frekar ósammála um að barnið fái réttan stuðning/hvatningu við námið, 6,4% (N=5) eru frekar ósammála um að notaðar séu fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að safna og skrá þroska og námsferil barnanna og þar er einn mjög ósammála. 4,5% eru frekar ósammála um að starfsfólk virðist hæft og metnaðarfullt.

Aðstaða- 90,1%. Spurt hvort námsumhverfi barnsins tekur mið af áhuga og reynslu þess, hvort barnið hafi aðgengi að fjölbreyttum efnivið í leikjum sínum, hvort námsumhverfi barnsins er öruggt, hvort barnið hafi næg tækifæri til að leika sér og hvort námsumhverfi barnsins hvetji til rannsókna, sköpunar og tilrauna. Flestir eru mjög eða frekar sammála þessum atriðum. 1-6 % eru frekar ósammála. 5,3% (N=4) eru frekar ósammála því að námsumhverfið taki mið af áhuga þess og reynslu. 6% eru frekar ósammála síðasta atriðinu að námsumhverfið hvetji til rannsókna, sköpunar og tilrauna. Allir sammála því að börnin hafi næg tækifæri til leiks.

Félagsleg samskipti- 96%. Spurt hvort barnið lærir að bera virðingu fyrir sér og öðrum, hvort barnið fái leiðsögn um ásættanlega hegðun í ólíkum aðstæðum, hvort barnið fái næg tækifæri til að efla félagsfærni sína, hvort barnið eigi vini í leikskólanum og hvort barnið læri tillitsemi við aðra. Flestir eru mjög eða frekar sammála þessum atriðum. 1-2% eru frekar ósammála og 1 er mjög ósammála um að barnið eigi vini í leikskólanum.

Þátttaka án aðgreiningar- 93,9%. Spurt hvort fólk telji leikskólakennara vakandi fyrir því að öll börn tilheyri barnahópnum, hvort að börnum af ólíkum uppruna og menningu sé mætt á sanngjarnan hátt og hvort réttindi kynja á deildinni séu virt. Flestir eru mjög eða frekar sammála um þessi atriði, rúm 3-6% eru frekar ósammála. 6,4% (5) eru frekar ósammála um að leikskólakennarar séu vakandi fyrir því að öll börn tilheyri barnahópnum, 5,4% (3) eru frekar ósammála um að börnum af ólíkum uppruna sé mætt á sanngjarnan hátt og 3,3% (2) eru frekar ósammála um að réttindi kynjanna séu virt á deildinni.

Í opnum spurningum komu 19 með athugasemdir varðandi námsumhverfið í leikskólanum. Flestir ánægðir og nefna þá nýtingu nærumhverfisins, göngutúra og skógarferðir. Gott úrval af efnivið til leiks. Sumir nefna að þeir viti ekki nægilega mikið um námsumhverfi eða viðfangsefni barnanna og að þeir vilji sjá meira af verkum barnanna uppi á vegg. Mætti bæta efnivið inni og útilóð, há fallhæð úr kastala. Ábending um að fara yfir rými m.t.t jarðskjálftahættu.

Samskipti við foreldra:

Upplýsingamiðlun- 73,1%. Best á eldri deildum 78,9%. Spurt var um tækifæri til að miðla upplýsingum um barnið og fjölskylduna til deildarstjóra og leikskólakennara barnsins (flestir mjög eða frekar sammála, 3 frekar ósammála og 2 mjög ósammála), hvort fólk sé vel upplýst um viðfangsefni sem unnið er á deildinni (79,5 % frekar eða mjög sammála, 18,2% frekar ósammála og 2,3% mjög ósammála), hvort foreldrar séu látnir vita af fundum og sérstökum viðburðum (flestir mjög eða frekar sammála, 3 frekar ósammála), hvort deildarstjóri/leikskólakennari hlusti á skoðanir foreldra varðandi nám og þroska barnsins (flestir mjög eða frekar sammála, 1 frekar ósammála), hvort að foreldrar fái að heyra þegar barninu gengur vel (73,5% mjög eða frekar sammála, 21,8% frekar ósammála og 4,6% mjög ósammála), hvort að leikskólakennarar og starfsfólk sé áhugasamt og samstarfsfúst þegar rætt er við foreldra um barnið (flestir mjög eða frekar sammála, 5,8% frekar ósammála).

Þekking á stefnu og námskrá leikskólans- 78,2%. 19,5 % (17) telja sig frekar ósammála því að vera upplýstur um stefnu og námskrá leikskólans og 2,3% eru mjög ósammála því.

Tengsl við starfsfólk leikskólans- 88,5% (mjög eða frekar sammála). Spurt um hvort að tengsl foreldris við þá sem vinna á deild barnsins væru góð. 11,5% (10) eru frekar ósammála.

Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu- 49,2% mjög eða frekar sammála. Þá voru 10,8% mjög sammála um að vera hvött til að taka þátt í leikskólastarfinu, 38,5% frekar sammála, 36,9% frekar ósammála og 13,8% mjög ósammála.

Tímasetning viðburða- 73,8%. Spurt var hvort atburðir í leikskólanum sem foreldrum er ætlað að taka þátt í, séu tímasettir þannig að viðkomandi geti sótt þá. 27,9% eru mjög sammála, 45,9% eru frekar sammála, 19,7% eru frekar ósammála og 6,6% mjög ósammála.

Heimasíða leikskólans- 96,4%. Spurt hvort upplýsingar á heimasíðu og facebooksíðu leikskólans séu gagnlegar. 3,6% eru frekar ósammála.

Í opnum spurningum varðandi samskipti koma 22 með athugasemdir. Sumir tala um að samskipti hafi minnkað vegna Covid en aðrir segja að upplýsingar á facebook séu góðar og deildarstjóri hvetji foreldra til að hafa samband. Foreldrum finnst gott og gagnlegt að sjá upplýsingar um starf dagsins á upplýsingatöflum fyrir utan deildir. Upplýsingar í lok dags um hvernig dagurinn var eru misjafnar.

Upphaf og lok leikskólagöngu:

Leikskólabyrjun- 73,3%. Spurt hvort sérstakur leikskólakennari/lykilaðili var til staðar fyrir barnið og foreldra í aðlögunarferlinu (já sögðu 14, nei sögðu 5), hvort að tímabilið sem barnið dvaldi eitt í leikskólanum lengdist dag frá degi (já sögðu 21, nei sögðu 2), hvort barn og foreldrar kynntust leikskólastarfinu saman og foreldrar tóku þátt í því (já sögðu 15 og nei sögðu 3), hvort að foreldri fékk nægar upplýsingar um leikskólastarfið frá leikskólakennara á aðlögunartímanum (já 17 og 4 sögðu nei), hvort foreldri fékk næg tækifæri til að miðla upplýsingum um barnið til leikskólakennara í aðlöguninni (já-19 og nei-2), hvort foreldri væri ánægður með hvernig aðlögun var háttað á deild barnsins (já-21, nei-1).

Flutningur milli skólastiga- 53,8%, spurt var hvort leikskólinn legði áherslu á samstarf við grunnskólastigið (95,7% mjög eða frekar sammála), hvort foreldrar fengju að vera virkir þátttakendur í undirbúningi að flutningi milli skólastiga (1 mjög sammála, 6 sammála, 10 ósammála og 5 mjög ósammála) og hvort barnið fái að kynna starfi grunnskólans á lokaári leikskólans (4 mjög sammála, 19 sammála, enginn ósammála).

Flutningur milli deilda- 88,6%. Spurt var hvort foreldri væri sáttur við aðkomu sína að flutningi barnsins á milli deilda í skólanum (31 mjög eða frekar sammála, 3 frekar ósammála og 1 mjög ósammála).

Ekki margir skrifuðu athugasemdir í opnum spurningum varðandi upphaf leikskóladvalar en einn foreldri talar um að aðlögun hafi verið öðruvísi en hún ætti að vera og tekur fram að Covid- 19 hafi sett strik í reikninginn.

Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta:

Hlutfall sérkennslu og stuðnings- 13,9%. Spurt var hvort barnið hafi fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning á skólaárinu (11 segja já, 2 segja er á biðlista og 66 segja nei).

Hlutfall sérfræðipjónustu- 13,6%. Spurt var hvort viðkomandi hefði óskað eftir sérfræðipjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) fyrir barnið á þessu skólaári. 12 segja já og fengið slíka þjónustu, 10 segja já en ekki fengið slíka þjónustu/er á biðlista, 66 sögðu nei).

Í opnum spurningum kom einnig fram ánægja foreldra með stuðning og sérfræðipjónustu. Einhverjir nefna að það hefði mátt grípa fyrir inn í málin.

Í opnum spurningum var einnig hægt að koma með athugasemd um hvernig leikskólinn sinnir sérþörfum í tengslum við mat. 11 foreldrar svöruðu og voru mjög ánægð með samstarf varðandi þetta.

Viðbrögð vegna Covid-19:

Að lokum var spurt um ánægju vegna viðbragða skólans v. Covid-19. 96,5% eru mjög eða frekar ánægðir, 3,5% frekar ánægðir en enginn mjög óánægður.

Opnar spurningar um hvað almennt væri gott við leikskólann og hvað mætti betur fara:

Foreldrar nefndu hvað þeim þætti gott við leikskólann. 41 komu með svar í þessum lið og þar eru langflestir sem nefna gott starfsfólk. Fólk taldi einnig aðstöðuna góða, starf leikskólans gott og að barninu sínu líði vel í leikskólanum.

Foreldrar voru beðnir að lýsa því hvað þeim þætti mega betur fara í leikskólanum. 38 svör bárust í þeim lið. Þá var helst nefnt að upplýsingaflæði mætti vera meira (þá um innra starf, hópaskiptingar, dagleg skilaboð ofl) og aðstaða sérstaklega á útilóð mætti vera betri (fleiri rennibrautir, lappa upp á leiktæki og undirlag ofl.).